

# Samþykktir Foreldrafélags Skylmingafélags Reykjavíkur

## 1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Skylmingafélags Reykjavíkur og heimili þess er í Reykjavík.

## 2. grein

Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn barna í Skylmingafélagi Reykjavíkur, sem þess óska. Velunnarar foreldrafélagsins geta einnig gerst félagar.

## 3. grein

Markmið foreldrafélagsins er að:

- efla samstarf foreldra og þjálfara,
- styðja við starfsemi Skylmingafélags Reykjavíkur,
- koma á framfæri sjónarmiðum og væntingum foreldra varðandi starfsemi Skylmingafélagsins,
- vera samstarfsvettvangur foreldra innbyrðis,
- standa fyrir fjáröflun í þágu barnanna,
- styðja við félags og tólmundastarf barnanna.

## 4. grein

Til að ná þessum markmiðum leitast foreldrafélagið við að:

- koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við þjálfara og stjórn Skylmingafélagsins,
- hafa samstarf við þjálfara og aðra aðila sem tengjast málefnum barna og unglunga í skylmingum.
- standa fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun til foreldra.

## 5. grein

Aðalfundur félagsins skal haldinn á síðasta ársfjórðungi hvers árs og skal hann boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara.

Á fundinum er m.a. flutt skýrsla stjórnar, lagðir fram reikningar, kosin stjórn, sbr. 6. gr., og gengið frá lagabreytingum ef einhverjar eru.

## 6. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 3 aðalmönnum og 2 varamönnum. Stjórnin skiptir með sér verkum.

## 7. grein

Þessum samþykktum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda hafi lagabreytingar verið kynntar í aðalfundarboði.

## 8. grein

Ef starfsemi foreldrafélagsins liggur niðri í 2 ár eða meira, yfirtekur stjórn Skylmingafélags Reykjavíkur starfsemi þess.